

### **6-13.1 Tillaga um leigumöguleika fyrir punktalausa félagsmenn KÍ (í FKE eða öryrkjar)**

**Orlofsnefnd ákvað að vísa þessu til stjórnar orlofssjóðs og leggja ekki aftur fyrir þingið.**

Tillaga um leigumöguleika fyrir punktalausa félagsmenn KÍ sem eru í Félagi kennara á eftirlaunum eða eru öryrkjar

Lagt er til að punktalausir félagsmenn í KÍ, sem eru í Félagi kennara á eftirlaunum eða eru öryrkjar, geti bókað íbúð/herbergi/orlofshús og greitt uppsetta leigu auk punktaálags. Bókunarfyrirvari þeirra er tvær vikur eða minna.

#### **Greinargerð:**

Þegar félagsmenn sem hafa látið af störfum sökum aldurs eða veikinda eru búnir með orlofspunktaineign sína þá missa þeir sjálfkrafa aðgengi að eignum Orlofssjóðs. Þetta hefur verið mikið gagnrýnt af þeim sem eru í slíkri aðstöðu og beiðnir komið til Orlofssjóðs hvort hægt sé að breyta / endurskoða þetta fyrirkomulag, t.d. með því að takmarka leigutímabil sem og fyrirvara á bókunum.

Markmiðið með þessu er reyna að hámarka nýtingu orlofseigna og um leið skapa smá aukatekjur fyrir Orlofssjóð í formi greiddra punkta.